

Inntak sýknudóms í Icesave-málinu

Meginniðurstaða:

- **Öllum málsástæðum ESA hafnað**
- **Öllum vafa um skuldbindingar ríkisins eytt**

Niðurstaða dómsins er sú að tilskipun um innstæðutryggingar feli ekki í sér skyldur á hendur ríkjnum að fjármagna innstæðutryggingasjóði – beint eða óbeint – og festir í sessi þá meginreglu að það séu bankakerfin sjálf sem verði að standa undir fjármögnun þeirra. Af þeim sökum bar ríkinu ekki skylda til að sjá til þess að fjármagn væri til staðar í sjóðnum við þær aðstæður sem hér sköpuðust haustið 2008.

Dómurinn tók tillit til þess að íslenski tryggingasjóðurinn tók ekki þátt í flutningi innstæðna til nýja Landsbankans. Af þeim sökum fólst engin mismunun gagnvart tilskipuninni í þeim aðgerðum sem gripið var til.

Dómurinn hafnaði einnig kröfu ESA sem byggðist á almennri jafnræðisreglu EES-samningsins á þeirri forsendu að með henni gerði ESA kröfu um að innstæðueigendur erlendis fengju annars konar meðferð en innstæðueigendur innanlands við endurskipulagningu bankakerfisins.

Loks tók EFTA-dómstóllinn fram að þótt kröfugerð ESA hefði verið sett fram á annan hátt að samningsríkin á EES-svæðinu nytu mikils svigrúms þegar að teknar væru grundvallarákvarðanir um efnahagsstefnu þegar kerfishrun ætti sér stað.